

Borgarráð

Heimild til að greiða laun vegna endurskoðunar á kjarasamningi við Félag leikskólakennara

Lagt er til að borgarráð heimili fjármálastjóra að greiða laun til félagsmanna í Félagi leikskólakennara (FL) í samræmi við ákvörðun samstarfsnefndar félagsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 20. desember 2016 við næstu launaútborgun eftir að útfærsla liggur fyrir, enda þótt viðauki við fjárhagsáætlun hafi þá ekki verið samþykktur. Í bókun samstarfsnefndar segir m.a.:

1. Frá 1. janúar 2017 færast leikskólakennarar í nýja launatöflu FG og það þýðir um 3,7% hækkun frá því sem samið var um við FL.
2. Gildistími hækkunar á 3% hækkun FL sem átti að koma til þann 1. júní 2017 færast til 1. mars 2017 til samræmis við FG og verði 3,5% eða 0,5% hærri en um var samið við FL.

Skv. bráðabirgðakostnaðarmati kjaradeildar felur endurskoðunin í sér viðbótarkostnað upp á um 120-130 milljónir króna á árinu 2017 en tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun verður lögð fram í janúar nk.

Dagur B. Eggertsson

